



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

Aðalfundur SÍP haldinn hjá Mannvit að Urðarhvarfi 6 7.júní. kl 15:00 2017

Mættir: Hrólfur Sigurðsson (HS), Elísabet Sólbergisdóttir (ES), Þorbjörg Hólmeirsdóttir (PH), Stefán Jóhann Björnsson (SJB), Guðrún Eva Jóhannsdóttir (GEJ), Hallgrímur S. Hallgrímsson (HSH).

Ritari: Hrólfur Sigurðsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
2. Formaður skýrir frá störfum félagsins á liðnu ári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Kosning stjórnar.
6. Formaður kosinn.
7. Skoðunarmaður reikninga kosinn.
8. Lagabreytingar (engar tillögur hafa komið fram um lagabreytingar).
9. Önnur mál.

Fundur settur kl 15:07

1. Fundargerð síðasta aðalfundar var samþykkt.
2. Þorbjörg lagði fram skýrslu stjórnar og fór yfir hana.
3. Hallgrímur lagði fram endurskoðaða reikninga og voru þeir samþykktir.
4. Lagt var til að félagsgjöld verði óbreytt þ.e. 45.000 kr á ári og var það samþykkt einróma.
5. Elísabet Sólbergisdóttir, Hrólfur Sigurðsson og Hallgrímur S. Hallgrímsson halda áfram í stjórn. Guðrún Eva Jóhannsdóttir var kosin í stjórn og Þorbjörg Hólmeirsdóttir hættir í stjórn.
6. Stefán Jóhann Björnsson bíður sig fram til formanns og er kosin með öllum greiddum atkvæðum.
7. Jón hjá Nýsköpunarmiðstöð er kosinn skoðunarmaður.
8. Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
9. Þorbjörg leggur til að ný stjórn skoði lög félagsins og athugi hvort það þurfi að endurskoða þau. Hún leggur einnig til að stjórnin geri sér verkáætlun fyrir starfsárið.

Fundi slitið 15:37